

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Eyjafjarðarsveit.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar er heimilt skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

#### 2. gr.

Upphæð gjaldsins er kr. 6.215 pr. íbúð í sveitarfélaginu og innheimtist það með fasteignagjöldum. Sveitarstjórn er heimilt að semja við eigendur frístundahúsa um hirðingu sorps frá húsum þeirra á tímabilinu júní til ágúst. Gjald fyrir þá þjónustu skal vera kr. 2.500 pr. hús.

#### 3. gr.

Sveitarstjórn undirbýr átaksverkefni sem miðar að því að koma á heimajarðgerð lífræns úrgangs. Meðan á því átaksverkefni stendur er sveitarstjórn heimilt að veita þeim íbúðar-eigendum, sem taka þátt í verkefninu, 30% afslátt af sorphirðugjaldinu, sbr. 2. gr.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 19. mars 2001.*

F. h. sveitarstjórnar,

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.